



MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

2.100.007

19 maí, 2009

Varðandi: Umsókn um starfsleyfi fyrir vinnslu Carbon Recycling International ehf. við Svartsengi.

Í samræmi við reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sækir Carbon Recycling International ehf. (CRI) hér með um starfsleyfi. Starfsemi felur í sér hreinsun á koldíoxíði úr útblæstri orkuvers Hitaveitu Suðurnesja, og framleiðslu á metanóli úr koldíoxíðinu með vetnisbindingu.

Umsóknin er unnin af Mannvit hf. verkfræðistofu f.h. Carbon Recycling International ehf. kt. 530306-0540.

Vinnslulínan verður byggð sem tilraun fyrir metanólframleiðslu til að færa sönnur á hagkvæmni þeirrar tækni sem nota á við vinnsluna og til að ákveða samsetningu frárennsli og útblásturs í raunverulegum rekstri.

Carbon Recycling International ehf. óskar eftir því að Umhverfisstofnun afgreiði umsókn fyrirtækisins með eins skjótum hætti og unnt er svo hægt sé að halda áfram undirbúningi við fyrirhugaðar framkvæmdir. Sé frekari upplýsinga óskað munu Þór Tómasson hjá Mannvit hf. (thort@mannvit.is) og Andri Ottesen hjá Carbon Recycling International ehf. (andri.ottesen@carbonrecycling.is) veita þær fyrir hönd framkvæmdaraðila.

Virðingarfyllst,
f.h. Carbon Recycling International ehf.

Þór Tómasson